

**53. stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands,
haldinn að Austurvegi 56, Selfossi, 22. janúar 1998, kl. 10:00**

Mættir: Karl Björnsson, Guðmundur Hermannsson, Guðmundur Ingi Gunnlaugsson og Þorvarður Hjaltason.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 1998.

Lögð fram drög að fjárhagsáætlun ásamt bráðabirgðaniðurstöðum ársreiknings. Áætlaðar rekstrartekjur eru kr. 40.500.000.- en rekstrargjöld kr. 30.225.000.- Mismunur gjalda og tekna eru því kr. 10.275.000.- Af þeim fjármunum renna kr. 6.600.000.- til afborgunar lána og kr. 3.600.000.- í varasjóð. Stjórnin lítur svo á að ef stutt verður við bætta meðferð úrgangs af svæðinu s.s. með stofnun kjötmjölsværksmiðju verði fjármagn til þess sótt í varasjóð. Áætlunin samþykkt samhljóða.

2. Bréf Ölfushrepps, dags. 29. desember sl., ásamt fundargerðum heilbrigðisnefndar Ölfushrepps. Kynnt svarbréf Sorpstöðvar Suðurlands, dags. 5. janúar sl.

Framkvæmdastjóri greindi frá því að Hollustuvernd hefði verið gerð grein fyrir athugasemdum heilbrigðisnefndar sem koma fram í fundargerð og vænta megi skýrslu Hollustuverndar um málið.

3. Drög að starfsleyfi Sorpstöðvar Suðurlands. Til umsagnar.

Framkvæmdastjóra falið að koma athugasemdum á framfæri við Hollustuvernd.

4. Kjötmjölsværksmiðja.

Framkvæmdastjóri greindi frá undirbúningi kjötmjölsværksmiðju. Stjórnin staðfesti samning um kostnaðarþátttöku Sorpstöðvarinnar í undirbúningi málsins.

5. Ákvörðun um framhaldsaðalfund.

Samþykkt að halda fundinn föstudaginn 6. febrúar kl. 14:00

6. Önnur mál

a. bréf frá Eggerti Jóhannessyni, stjórnarformanni Husls ehf.

Í bréfinu er óskað eftir ráðgjöf og stuðningi Sorpstöðvarinnar en Husl ehf., hyggst endurvinna pappa.

Samþykkt að veita umbeðna aðstoð.

Karl Björnsson.
Guðmundur Ingi Gunnlaugsson.

Guðmundur Hermannsson.
Þorvarður Hjaltason.